





ÚR GILDANDI DEILISKIPULAGI 05.11.2003. 1:1000



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU 1:1000

ADVEITUSTÖÐ 12 VIÐ TRIPPADAL GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

Forsendur:

Markmið breytingarinnar er að stækka lóð aðveitustöðvarinnar þar sem koma þarf fyrir vararafstöð með samtals a.m.k. 1500kVA. Vararafstöðin samanstendur af þrem samtengdum díselrafstöðum og þarf því að koma fyrir u.þ.b. 10.000 lítra olíutanki innan lóðarinnar.

Vatnsvernd.

Svæðið er ekki lengur innan marka vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins líkt og var þegar skipulagið var upphaflega gert.

Lóð

Lóðarstærð fyrir breytingu er 2500m² að flatarmáli. Stækkun lóðar er 530m², lóðin er því 3030m² eftir stækkun. Lóðarmörk eru sýnd á skipulagsuppdraetti. Þessar upplýsingar eru til viðmiðunar, en nánar er gerð grein fyrir lóðarmörkum, málsetningu lóðar og lóðarstærð á mæliblaði. Þar sem misræmi er gildir mæliblað.

Byggingarreitur

Afmarkaður byggingarreitur er stækkaður úr 900m² í 1380m². Innan stækkunar byggingarreits er gert ráð fyrir hýsi fyrir háspennurofa, spennu og 400 V, þremur díselrafstöðvum í stálgrindarskýli og olíutanki. Heimilt er að staðsetja olíu- og sandskiljur utan byggingarreits. Hafa skal samráð um frágang mengunarvarna við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Byggingarskilmálar

Hámarksstærð grunnflatar nýrrar byggingar er 150m². Hámarks hæð húss er 4,5m frá gólfkóta en GK er 89,75. Ytra útlit byggingar skal vera í samræmi við þær byggingar sem fyrir eru á lóðinni.

Frágangur lóðar

Lóðarhafi skal á sinn kostnað ganga frá öllu riski utan lóðar sem mögulega verður vegna framkvæmdanna. Að öðru leiti skal frágangur lóðar vera í samræmi við kafla 7.2 í byggingareglugerð (112/2012).

Matsskylda:

Deiliskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem framkvæmdin, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr.106/2000 er í flokki C í 1. viðauka laganna 3.20 Geymsla jarðefnaeldsneytis ofan jarðar utan vemdarsvæða.

Vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í flokki C í 1. viðauka við lög þessi sem háð er framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi samkvæmt skipulagslögum eða lögum um mannvirki ber framkvæmdaraðila að tilkynna leyfisveitanda.


Umhverfisáhrif:

Ekki er talið að framfylgd deiliskipulagsins hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif. Áhrif vegna mengunar er ekki talin neikvæð þar sem skilmálar eru settir að mengunarvarnir séu útfærðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Að öðru leyti er vísað í greinargerð deiliskipulagsins samþykkt 05.11.2003 ásamt áorðnum breytingum.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í á f. skipul. og samgönguráði þann 24.júní 2019.

Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. i. f. var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Reykjavíkurborgar og/eða umsækjanda. Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 24.júní 2019.



ADALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

SKÝRINGAR

- MÖRK DEILISKIPULAGS
- LÓÐARMÖRK
- STÆKKUN LÓÐAMARKA
- BYGGINGARREITUR
- STÆKKUN BYGGINGARREITS
- JARDSTRENGUR
- STOFNÆÐ HITAVEITU
- VEGUR
- GÖNGUSTÍGUR
- REIÐGATA
- HELGUNARLÍNA ÞJÓÐVEGAR
- BÍLASTÆÐAKVÖÐ

ADVEITUSTÖÐ 12 VIÐ TRIPPADAL STÆKKUN LÓÐAR VEGNA VARARAFSTÖÐVAR DEILISKIPULAGSBREYTING - TILLAGA

KVARDI-A2:	1:1000	TEIKN NR:	
DAGS:	29.05.2019	HANNAD:	FK
FLOKKUR:	0-verk-0000-reyk-A	TEIKNAD:	HN
SKRÁ:	03042-m.dwg	VERKNR:	19034

